

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Miðvikudaginn 27. ágúst 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Guðjón Ebbi Guðjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Kjör oddvita og varaoddvita**

Kjórið fór fram skv. 15. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins en samkvæmt þeim skal kjósa oddvita og varaoddvita til eins árs í senn.

Adolf H. Berndsen var kjörinn oddviti með þremur atkvæðum en Sigríður Gestsdóttir fékk tvö atkvæði.

Birna Sveinsdóttir var kjörinn varaoddviti með þremur atkvæðum en Erla Jónsdóttir fékk tvö atkvæði.

**2. Kosning í nefndir:**

## a) Búfjárefntirlits- og fjallskilanevnd

Kosið er í nefndina samkvæmt samningi um búfjárefntirlits- og fjallskilanevnd Austur – Húnavatnssýslu frá 13. júní 2008 og gildir kosningin til næstu sveitarstjórnakosninga.

Gunnlaugur Sigmarsson var kjörinn í nefndina og Rögnvaldur Ottósson til vara.

## b) Gróður- og náttúruverndarnefnd

Kosið er í nefndina samkvæmt samningi um Gróðurverndar og náttúruverndarnefnd Austur – Húnavatnssýslu frá 13. júní 2008 og gildir kosningin til næstu sveitarstjórnakosninga.

Gunnlaugur Sigmarsson var kjörinn í nefndina en Rögnvaldur Ottósson til vara.

## c) Fulltrúar á ársþing SSNV

Fyrir fundinum lá bréf framkvæmdastjóra SSNV dags. 10.06.08 þar sem tilkynnt er um breyttan fjölda fulltrúa sveitarfélaga á ársþing SSNV skv. breyttum lögum og þingsköpum SSNV. Samkvæmt því á sveitarfélagið rétt á þremur fulltrúum á ársþinginu.

Samþykkt að fulltrúar á ársþing SSNV verði:

Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir

Varamenn verði:

Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Erla Jónsdóttir

**3. Byggðasamlag um tónlistarskóla.**

## a) Fundir stjórnar:

Halldór Ólafsson sem á sæti í stjórn tónlistarskólans gerði grein fyrir störfum stjórnar.

i. Fundargerð 15. júlí 2008.  
Ekki var gerð athugasemd við fundargerðina.

ii. Fundargerð 14. ágúst 2008.  
Ekki var gerð athugasemd við fundargerðina.

- b) Drög að reglugerð tónlistarskólans.  
Fyrir fundinum lágu drög að reglugerð fyrir tónlistarskólann þar sem skyldur, réttur og stjórnun skólans er skilgreind.  
Ekki voru gerðar athugasemdir við reglugerðina.
- c) Fjárhagsáætlun 1.07. – 31.12.2008.  
Í fjárhagsáætlun tónlistarskólans sem lá fyrir fundinum er gert ráð fyrir að kostnaður við byggðarsamlagið verði 25.323 þús. og innheimt verði hjá aðildarsveitarfélögum 19.250 þús.  
Fjárhagsáætlunin var samþykkt.

#### **4. Samningur um skólamáltíðir.**

Fyrir fundinum lá tillaga að samningi um skólamáltíðir við Vestrið ehf.  
Samningurinn gildir til þriggja ára og er bundin vísitölu neysluverðs 01 matur og drykkur. Samningurinn var samþykktur og sveitarstjóra falið að ganga frá honum við verksala.

#### **5. Styrktarsjóður EBÍ – umsókn.**

Fyrir fundinum lá tillaga að bréfi til Styrktarsjóðs EBÍ þar sem sótt er um styrk til merkingar gönguleiðar og uppsetningu fræðsluskilta á gönguleið upp á fjallið Spákonufell.  
Samþykkt að send fyrirbyggjandi bréf.

#### **6. Erindi MX - klúbbs Skagastrandar**

Fyrir fundinum lá umsókn MX – klúbbs Skagastrandar sem sækir um athafnasvæði á Fellsmelum í gömlu malarkrúsunum. Óskað er eftir rúmlega 26 þús. fm. lóð fyrir starfsemi klúbbsins. Meðfylgjandi erindinu voru samþykktir klúbbsins sem stofnaður var 18. júlí sl.  
Erindi klúbbsins var samþykkt með fyrirvara um útfærslu á lóðamörkum og sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

#### **7. Bréf:**

- a) Marian Bijlenga, dags. 8. ágúst 2008.  
Með bréfinu býður Marian að setja upp listaverk sem hún vann í Nes listamiðstöð sl. sumar. Sveitarstjórn samþykkti að þakka Marian gott boð en setja málið í þann farveg að finna þurfi lausnir á varðveislu og öðru sem listaverk varðar áður en orðið verður við góðu tilboði.

- b) Kristínar Birnu Guðmundsdóttur, dags. 8. ágúst 2008.  
Afgreiðsla færð í trúnaðarbók.
- c) Eldstoða ehf. dags. 11. júlí 2008.  
Með bréfinu bjóða Eldstoðir ehf að taka að sér eldvarnaeftirlit með byggingum og lögbýlum sveitarfélagsins.  
Sveitarstjóra falið að gera samanburð á öðrum valkostum en leysa málið í samráði við slökkviliðsstjóra.
- d) Bjarna Ó. Haraldssonar, dags. 17. júní 2008.  
Með bréfinu óskar Bjarni eftir stuðningi við útgáfu hljómdisks með frumsömdu efni. Erindinu hafnað.
- e) Menntamálaráðherra, dags. 3. júní 2008.  
Með bréfinu er boðað til menntaþings 12. september nk.  
Bréfið var til kynningar.
- f) Heilbrigðiseftirlits, dags. 30. maí 2008.  
Bréfið er ritað til að tilkynna um hækkun gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um 7% frá og með 1. júlí 2008.  
Ekki voru gerðar athugasemdir við erindið.
- g) Samkórsins Bjarkar, dags. 4. júní 2008.  
Með bréfinu er sótt um styrk frá sveitarfélaginu vegna starfsemi kórsins.  
Samþykkt að styrkja kórinn um 25.000 kr.
- h) Búa Þórs Birgissonar, dags. 10. júní 2008.  
Með bréfinu er sótt um styrk til atvinnuverkefnis. Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar atvinnu- og markaðsráðgjafa í samráði við formann atvinnumálanefndar.

## **8. Fundargerðir**

- a) Hafnarnefndar, 6. júní 2008.  
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Fræðslunefndar, 12. júní 2008.  
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 29. júlí 2008.  
Fundargerðin var samþykkt.
- d) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 13. ágúst 2008.  
Fundargerðin var samþykkt.  
Fundargerðin fjallaði um undirbúning Kántrýdaga. Sveitarstjórn samþykkti að þakka öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd Kántrýdaga og íbúunum fyrir

góða þáttöku. Sveitarstjórn telur að hátíðin hafi tekist sérstaklega vel og verið íbúum og gestum til hins mesta sóma.

e) Stjórnar Norðurár bs. 31. júlí 2008.  
Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún 15. júlí 2008.  
Ekki var gerð athugasemd við fundargerðina.

g) Stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál  
Adolf sem situr í stjórn byggðasamlagsins gerði frekari grein fyrir starfi stjórnarinnar.  
Ekki var gerð athugasemd við fundargerðina.

## 9. Önnur mál

- a) Tekið var til umræðu hvort eigi að endurnýja tilboð um frístundakort og fría notkun starfsmanna sveitarfélagsins að þreksal íþróttahúss.  
Samþykkt að frístundakort verði boðið með sömu upphæð og sl. skólaár en sveitarstjóra falið að útfæra framkvæmdina með tilliti til skattalaga.  
Samþykkt að bjóða starfsmönnum sveitarfélagsins gjaldfrjálsan aðgang að þreksal íþróttahúss með sama formi og verið hefur.
- b) Oddviti fór yfir og kynnti hver væri helsti árangur af tillögum Norðvestur nefndarinnar. Umræður urðu um verkefnið og eftirfylgni við að árangur náist.
- c) Sigríður spurði um hvort hafin sé vinna við frumáætlun vegna byggingar sundlaugar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins og að samningur við VN sé í burðarliðnum og verði lagður fyrir sveitarstjórn.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10<sup>45</sup>

Adolf H. Berndsen,

Birna Sveinsdóttir,

Halldór G. Ólafsson,

Sigríður Gestsdóttir,

Guðjón Ebba Guðjónsson

Magnús B. Jónsson.